

# Fundargerð 64. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, mánudaginn 26. apríl kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 63. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 18. mars sl. lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð var samþykkt samhljóða*

### 2. Umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, 708. mál - 2104038SA

Sambandinu barst erindi, dags. 15. apríl sl., frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 29. apríl nk. Sambandið hefur veitt umsögn um málið á fyrri stigum.

*Lögfræðingur og verkefnastjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins fóru yfir drög að umsögn sambandsins og þeim breytingum er frumvarpið hefur tekið frá umsögn sambandsins við frumvarpið í samráðsgátt. Stefnt er að því að skila inn umsögn um frumvarpið fimmtudaginn 29. apríl n.k. í samræmi við umræður á fundinum.*

### 3. Meðhöndlun urðaðs úrgangs til framtíðar - 2009109SA

Umhverfisstofnun, að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, lét vinna greiningu á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi. Greiningin var kynnt á rafrænum kynningarfundum um hátæknibrennslu fyrir úrgang sem sambandið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og samstarfsvettvangur sorpsamlaga á suðvesturhorninu héldu 11. janúar sl. Síðan þá hefur málið verið rætt áfram meðal sveitarfélaganna og sorpsamlaganna og haldinn var fundur með fulltrúum umhverfis- og

auðlindaráðuneytisins og SORPU bs. 17. apríl sl. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar 7. september 2020.

Sviðsstjóri og verkefnisstjóri fóru yfir framvindu verkefnisins og að hlutverk sambandsins í verkefninu sé að styðja óformlega við verkefnið og greina hvaða ívilnanir eru mögulegar. Að mati verkefnisstjórnar er mikilvægt að koma þessu verkefni af stað sem fyrst í samstarfi sveitarfélaga og að verkefnisstjórnin fái áfram að fylgjast með framgangi þess. Þá sé mikilvægt að aðkoma sveitarfélaga utan SV-hornsins að verkefninu verði tryggð.

#### **4. Aðgengi hirðuaðila að ílátum - 2104046SA**

Kostnaður sveitarfélaga við hirðu úrgangs ræðst m.a. af aðgengi hirðuaðila að ílátum. Gott aðgengi getur einnig skipt sköpum hvað varðar vinnuumhverfi starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs. Reykjavíkurborg hefur hvatt íbúa til að huga að bættu aðgengi að ílátum með ýmsu móti, m.a. með áskorun til eigenda íbúðarhúsnæðis og húsfélaga.

*Friðrik Klingbeil Gunnarsson sagði frá verkefninu og hversu krefjandi það er, margþætt og fá úrræði er sveitarfélög hafa til að bæta vinnuumhverfi starfsfólks við sorphirðu. Mikilvægt er að bæta umhverfið en aðstæður eru mismunandi við heimili. Huga þarf að því hvernig sveitarfélög og íbúar geti unnið að bættu vinnuumhverfi samhliða aukinni sérsöfnun við húsvegg.*

#### **5. Fjallað verður um hringrásarhagkerfið á ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda og náttúrustofa - 2011050SA**

Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa verður að þessu sinni í formi þriggja rafrænna funda sem haldnir verða í apríl. „Greiðum götu hringrásarhagkerfisins - Nýting hráefna úr úrgangi“ er yfirskrift fundarins þann 28. apríl nk. Á fundinum verður sjónum annarsvegar beint að lífúrgangi, moltugerð og reglum sem gilda um hana og hinsvegar að umhverfis- og úrgangsmálum í landbúnaði og meðhöndlun heyrúlluplasts.

Verkefnisstjóri fór yfir dagskrá fundarins og hvatti fundarmenn til að mæta á fundinn þann 28. apríl nk. þar sem rætt verður um meðhöndlun úrgangs.

#### **6. Önnur mál - 2009111SA**

Samþykkt var að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði 11. júní nk. kl. 11:00.

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson